

hvers hann ætli að nota umrædd skjöl í máli þessu, og kveðst hann ætla að nota þau til sönnunar því, að hann hafi ekki ranglega vakið ágreining í gerðardómsmálunum og þar af leiðandi beri honum ekki að greiða kostnaðinn við þau. Samkvæmt þeim ákvæðum sáttarinnar frá 3. marz s. l., sem að framan eru rakin, virðist umræddur gerðardómur eiga fullnaðarúrlausn þess, hvort ágreiningur hafi verið ranglega vakinn eða eigi og hvernig skuli fara um greiðslu kostnaðar við málarekstur fyrir dóminum í samræmi við það. Verður því ekki séð, að umrædd gögn og skjöl geti haft þá þýðingu fyrir mál þetta, að skylda beri framangreinda aðilja til að leggja þau fram í málinu, hvaða rétt sem stefndur kann annars að eiga til skjalanna. Með skirskotun til 147. og 148. gr. einkamálalaganna þykir því ekki unnt að taka framangreinda kröfu til greina.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur tafizt nokkuð vegna þess, að fyrst nýlega hefur vegna sjúkleika stefnds verið unnt að fá nauðsynlegar yfirlýsingar af hans hálfu um málsatriði það, sem hér um ræðir.

Því úrskurðast:

Framangreind krafa stefnds verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 6. marz 1942.

Nr. 6/1942. **Réttvísinn** (Gústav A. Sveinsson)
gegn

**Kristjáni Danielssyni, Þórði Bjarnasyni og
Gamalíel Jónssyni** (Sigurður Ólason).

Kynferðileg mök við stúlkubörn.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jón Steingrímsson sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Brot ákærðu, sem í héraðsdómi er lýst, vörðuðu við 177. sbr. 174. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Ber nú að ákveða refsingu hinna ákærðu eftir 202. gr. sbr. 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 2. gr. þeirra laga. Þykir refsing ákærðu Kristjáns og Þórðar hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi fyrir hvorn

þeirra. Refsing ákærða Gamaliels ákveðst fangelsi 2 mánuði, og þykir mega ákveða, að hún skuli vera skilorðsbundin samkvæmt VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, þannig að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef skilyrðum nefnds kafla hegningarlaganna verður fullnægt.

Allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiði ákærðu Kristján og Þórður að $\frac{2}{5}$ hlutum hvor og ákærði Gamaliel að $\frac{1}{5}$ hluta, þar með talin málflutningslaun talsmanns ákærðu í héraði, kr. 100.00, og sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 hvorum.

Það þykir aðfinnsluvert, að málum ákærðu hefur verið steypt saman, enda þótt ekki væri það samband milli verknáðar þeirra, að ástæða væri til slíks.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu Kristján Danielsson og Þórður Bjarnason sæti hvor um sig fangelsi 6 mánuði.

Ákærði Gamaliel Jónsson sæti fangelsi 2 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að liðnum 2 árum frá uppsögn dóms þessa, ef skilyrði VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 verða haldin.

Allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, greiði ákærðu Kristján og Þórður að $\frac{2}{5}$ hlutum hvor og ákærði Gamaliel að $\frac{1}{5}$ hluta, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærðu í héraði Sigurðar Ólasonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 100.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gústavs A. Sveinssonar og Sigurður Ólasonar, 300 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 27. júlí 1940.

Mál þetta er samkvæmt fyriræmum dómsmálaráðuneytisins í bréfi dags. 1¹/₂ þ. á. höfðað af réttvísinnar hálfu gegn þeim Kristjáni Danielssyni, bónda á Kirkjuvöllum á Akranesi, Þórði Bjarnasyni, sjómanni, Nesi á Akranesi, og Gamaliel Jónssyni, vinnumanni á Ytri-Skeljabrekku í Andakilsbreyppi, fyrir brot gegn ákvæðum 16. kap. almennra hegningarlaga frá 2⁵/₁₀₀ 1869.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Kristján Danielsson er fæddur $\frac{1}{4}$ 1859, Þórður Bjarnason 2⁶/₁₀₀ 1917 og Gamaliel Jónsson 2⁷/₁₀₀ 1885. Enginn þeirra hefur áður sætt ákæru eða refsingu.

Í s. l. febrúarmánuði fékk lögreglustjórinn á Akranesi grun um, að þeir Kristján Danielsson og Þórður Bjarnason hefðu kynferðileg mök við telpur á Akranesi. Fór hann þess þá á leit við dómsmálaráðuneytið, að hann fengi sér til aðstoðar við rannsókn málsins Sigurð Magnússon, löggæzlumann í Reykjavík, og samþykkti ráðuneytið það. Við rannsóknina, er fram fór dagana 16. til 19. febrúar, upplýstist, að Kristján Danielsson hefði haft kynferðileg mök við þessi stúlkubörn: A, til heimilis á Nesi á Akranesi, fædda 2²/₁₀₀ 1930, B, systur A, til heimilis á sama stað, fædda 2⁷/₁₀₀ 1928, D, til heimilis á Bragagötu 13 á Akranesi, fædda 1⁵/₁₀₀ 1930. Enn fremur að Þórður Bjarnason hefði haft kynferðileg mök við þessi stúlkubörn: A, B, C, til heimilis að Nesi á Akranesi, fædda 2³/₁₀₀ 1929, og E, systur C, til heimilis á sama stað, fædda $\frac{1}{4}$ 1934. Loks, að Gamaliel Jónsson hefði haft kynferðileg mök við D.

Samkvæmt framburði stúlkubarnanna A, B og D hefur ákærður Kristján Danielsson fleirsinnis haft kynferðileg mök við þær, hverja fyrir sig. Hafa þær eigi getað tilgreint nákvæmlega tímabil það, er mökin hafa átt sér stað á eða hve oft þau hafa átt sér stað. Segja þær, að mökin hafi verið með þeim hætti, að sumpart hafi ákærður þuklað um kynfæri þeirra, en sumpart hafi hann nuddað getnaðarlim sínum milli fóta þeirra. Segja A og D, að hann hafi reynt að þrýsta getnaðarlim sínum inn í kynfæri þeirra. Þá segja stúlkubörnin öll, að mök þessi hafi aðallega farið fram í geymslukofa, er ákærði á á lóð sinni við íbúðarhúsið Kirkjuvelli á Akranesi. Loks segja þær, að ákærði hafi oft gefið sér 5 eða 10 aura, er hann þannig hafi verið með þeim. Hefur ákærður viðurkennt, að frásögn stúlkubarnanna um mök hans við þær sé í aðalatriðum rétt, en neitar því þó að hafa nokkru sinni gert tilraun til að þrýsta getnaðarlim sínum inn í kynfæri þeirra A og D. Verður eigi talið sannað, að hann hafi reynt það, enda vottar læknir, er skoðað hefur stúlkubörnin öll þrjú, að engin spjöll séu á getnaðarfærum þeirra, þau er verða við samfarir.

Þá hefur konan G., til heimilis í Ráðagerði á Akranesi, ekkja

34 ára að aldri, borið það, að ákærði hafi, er hún var 12—13 ára, haft kynferðileg mök við hana á sama hátt og hann hafði þau við stúlkubörnin. Hefur ákærður viðurkennt þetta rétt, en þar sem engin krafa hefur komið fram skv. 175. gr. hinna almennu hegningarlaga um að honum yrði refsað fyrir þetta afbrot, verður hann eigi dæmdur fyrir það.

Loks hafa stúlkubörnin H í Merkigerði á Akranesi, fædd $\frac{7}{7}$ 1929, I á Austurvöllum á Akranesi, fædd $\frac{15}{4}$ 1927, J á Melbæ á Akranesi, fædd $\frac{2}{3}$ 1928 og K á Melbæ á Akranesi, fædd $\frac{13}{8}$ 1931 borið það, að ákærður hafi beðið þær hverja fyrir sig að lofa sér að hafa kynferðileg mök við þær, en þær hafi allar neitað því og þá eigi orðið af því. En þessu hefur ákærður neitað, og verður eigi talið sannað gegn neitun hans, að hann hafi reynt að fá að hafa kynferðileg mök við stúlkubörn þessi.

Héraðslæknirinn í Skipaskagahéraði, er gefið hefur vottorð um heilbrigði ákærða, telur hann andlega og líkamlega heilbrigðan, en getur þess, að hann hafi stækkun á blöðrukirtlinum (prostata), og telur líklegt, að sá sjúkdómur eigi þátt í hinum sterku kynhvötum, er hann virðist hafa.

Samkvæmt framburði stúlkubarnanna A, B, C og E hefur ákærður Þórður Bjarnason fleirsinnis haft kynferðileg mök við þær hverja fyrir sig. Segja þær, að mökin hafi verið með þeim hætti, að ákærði sumpart þuklaði um kynfæri þeirra, en sumpart og oftast hafi hann nuddað getnaðarlim sínum milli fóta þeirra, og segja þær A og C, að hann hafi reynt að þrýsta getnaðarlim sínum inn í kynfæri þeirra. Mökin segja þær, að hafi alltaf átt sér stað í herbergi ákærða, er bjó í sama húsi og þær, nema hvað hann tvisvar hafði mök við B í útihúsum á Nesi. Loks segja þær A og B, að hann hafi oft gefið sér 5 og 10 aura, er hann hafði þannig verið með þeim. Ákærður hefur viðurkennt, að frásögn stúlkubarnanna um mök hans við þær séu í aðalatriðum rétt. Viðurkennir hann, að hafa gert tilraun til að þrýsta getnaðarlim sínum inn í kynfæri C og E, en segir, að sér hafi ekki tekizt að koma honum neitt verulega inn í þau. Hins vegar neitar hann að hafa gert tilraun til slíks við A og B.

Héraðslæknirinn í Skipaskagahéraði, er hefur gefið vottorð um heilbrigði ákærða, telur hann andlega og líkamlega heilbrigðan, en tekur það fram, að hann virðist ekki hafa góða greind.

Samkvæmt framburði stúlkubarnsins C hefur ákærði Gamaliel Jónsson sumarið 1938 haft kynferðileg mök við hana. Segir hún, að hún hafi þá dvalið á Innri-Skeljabrekku í Andakilshreppi, en ákærði á Ytri-Skeljabrekku, og hafi hann þá eitt sinn, er þau voru á ferð ásamt 2 drengjum, fært sig ur buxunum, sett með sig og nuddað getnaðarlim sínum við kynfæri hennar dálitla stund. Hefur ákærði viðurkennt, að þessi frásögn stúlkubarnsins um mök hans

við hana sé rétt, en segir, að þetta sé í eina skiptið, sem hann hafi haft kynferðileg mök við stúlkubarn þetta eða nokkurt annað stúlkubarn.

Héraðslæknirinn í Hafnarfirði hefur í vottorði, er hann hefur gefið, vottað, að er ákærði fyrir nokkrum árum var undir hans hendi sem læknis, hafi kynhvátir hans eigi verið óeðlilegar, en telur, að andlegur þroski hans hafi virzt tæplega í meðallagi.

Framantalin afbrot ákærðu ber að áliti dómarans að heimfæra undir 177. samanber 174. gr. hinna almennu hegningarlaga. Virðist refsing sú, sem ákærði Kristján Danielsson hefur unnið til, með hliðsjón af 40. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Refsing sú, sem ákærði Þórður Bjarnason hefur unnið til, virðist hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhúsvinna. Refsing sú, er Gamaliel Jónsson hefur unnið til, virðist hæfilega ákveðin 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en með tilliti til þess, að hér er um fyrsta afbrot ákærða að ræða, hreinskilinnar játningar hans og undanfarandi hegðunar, þykir megí ákveða, að refsingin megí vera skilorðsbundin samkv. ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns þeirra, Sigurður Ólasonar cand. jur., 100 kr. fyrir þá alla.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur verið.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður Kristján Danielsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Ákærður Þórður Bjarnason sæti betrunarhúsvinnu í 12 mánuði. Ákærður Gamaliel Jónsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Svo greiði ákærðu in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns þeirra, Sigurðar Ólasonar cand. jur., 100 kr. samtals.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.